

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 396.

11. nóvember 1976.

S A M Þ Y K K T

um afgreiðslutíma verslana í Ólafsvík.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslana í Ólafsvík, þ. á m. sölu-turna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjabúðir vegna sölu lyfja, bensínsölu, að því er snertir sölu á bensíni, olíu, smurólíum og vörum til bifreiða, sjálfsalar, blaðasala á götum, merkjasala og annað slíkt.

Hreppsnefnd getur með samþykki ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja sem hafa þeim viðskipti við almenning t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkast hafa í hverri grein.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps ágreiningsefnið að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni.

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00, og loka skal þeim eigi síðar en kl. 18.00.

Á þriðjudögum og föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00, fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00 og síðasta laugardag fyrir jól til kl. 22.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

3. gr.

Brauðbúðir mega vera opnar kl. 8.00—18.00, virka daga nema laugardaga, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 16.00. Á sunnudögum og eins öðrum dögum, er taldir eru í B-lið 6. gr. skal lokað eigi síðar en kl. 16.00.

Afgreiðslutími mjólkurbúða skal vera hinn sami og afgreiðslutími almennra verslana.

Heimilt er þó að hafa þær opnar kl. 9.00—12.00 þá daga, sem um ræðir í B-lið 6. gr.

4. gr.

Hreppsnefnd getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar eða sambærilegir sölustaðir séu opnar frá kl. 8.00 til 23.30, alla daga aðra en þá sem um ræðir í A-lið 6. gr.

Sölustaðir þeir sem um ræðir í 1. mgr. skulu algjörlega aðgreindir frá verslun og birgðageymslu verslunar. Hreppsnefnd getur ákveðið, að sala þar megi eingöngu fara um söluop.

Þar skal heimilt að selja eftirgreindar vörur: Sælgæti, kex, (innpakkað) tóbaks-vörur, öl og gosdrykki, blöð og tímarit, ís og ískökur, íssósar, heitar pylsur, rafhlöður, skyndiplástra, blöðrur, flugelda, saltstengur, salthnetur, öryggi, eldspýtur, dömubindi, bómull, rakblöð, rakkrem, raksápu, rakspíritus, sólgleraugu, kort, frímerki, bolluvendi, spil, greiður, hárlakk, hárkrem, filmur, vinnuvettlinga, sokka, sokkabuxur, handsápu, rafmagnsperur, ávaxtasafa, kaffi, tannbursta, tannkrem.

Í hverju leyfi, sem veitt verður til rekstrar skv. þessari grein, skal tekið fram, hvaða framangreindar vörur heilbrigðisnefnd hefur samþykkt að leyfa sölu þar, með hliðsjón af aðstæðum.

Á hverjum sölustað skal komið fyrir á stað, þar sem viðskiptamenn geta greinilega séð, skrá um það, hvað selja má á staðnum og skal sú skrá undirrituð af trúnaðar-manni nefndarinnar.

Hreppsnefnd getur leyft, að á veitingastofum (s. s. kaffi- og matstofum) séu seldar eitthvað af þeim vörum er um getur í þessari grein, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, á sömu tímum og sala fer fram í söluturnum eða sambærilegum stöðum og ber þá að greiða gjald af þeirri sölu í sveitarsjóð skv. 9. gr.

5. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtunum og öðrum slíkum stöðum, skal heimilt að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningaskrár minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmti-stað er lokað.

Í kvikmyndahúsum og leikhúsum er slík sala einungis heimil í sýningahléum og hálf tíma fyrir sýningu.

6. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag, nýjársgdag, 17. júní, skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- B. Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningadag, verslunarmannafrídaginn og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn sbr. þó undantekningarákvæði í 3.—5. gr., þessarar samþykktar.
- C. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 13.00.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunar-leyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verslun eða sölustað þegar lokað er. Ennfremur er heimilt að selja eftir reglulegan lokunar-tíma, olíu, veiðarfæri og vistir til skipa.

8. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstakar ástæður til m. a. þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða sérstakt gjald til sveitarsjóðs sem hreppsnefnd ákveður til eins árs í senn. Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir hvert almanaksár og gjalddagi vera 15. janúar ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt á gjalddaga, skal leyfið úr gildi.

10. gr.

Ef leyfishafi sbr. 4. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem hreppsnefnd, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi eða ef rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, má hreppsnefnd svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun, jafnframt má ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 10 000, sem renna í sveitarsjóð. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða öðlast þegar gildi, með þeim takmörkum sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 58 frá 1966, um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Ólafsvík.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 9% frá 1. nóv. 1976 frá því sem þær voru í okt. 1976. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 9% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.